

Nd. 453. Framhalds-nefndarálit

um frv. til laga um þóknun til vitna.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þessu hefir verið nokkuð breytt við eina umræðu í Ed. Þar af er þó að eins ein efnisbreyting, um ferðakostnað vitna, í 2. gr. Hefir Ed. samþykkt

nokkra hækkun á honum. Vill nefndin eigi gera þetta atriði að kappsmáli, og ræður til að 2. gr. frv. verði samþykkt óbreytt.

Orðabreytingu hefir Ed. og samþykkt á 4. gr. frv. Er nefndinni sama um þá breytingu, og leggur því einnig til, að þessi grein verði samþykkt óbreytt.

Á 1. gr. frv. hefir Ed. enn fremur samþykkt orðabreytingu. Nd. hafði samþykkt þá efnisbreytingu á frv., að óstefnd vitni skyldu einnig fá þóknun. Þessu er Ed. einnig samþykkt, en lætur svo um mælt í frv. (þingskj. 423), að óstefnt vitni fái því að eins þóknun, ef það »mætir að tilhlutun málsaðila«, »en ekki«, eins og segir í áliti allsherjarnefndar Ed. (þingskj. 372), »af sjálfshvötum«.

Þessi ummæli eru á misskilningi byggð, sem sje þeim, að maður sje orðinn vitni í máli fyrir það eitt, að hann kemur *óbedinn* á þingstað. Eftir vorum rjettarfarsreglum getur enginn vitni borið í einkamálum, nema málsaðili krefjist þess og dómari leyfi það, og í málum, sem dómari á að leita upplýsinga um *ex officio*, getur enginn vitni borið, nema að tilhlutun dómara. Því er það villandi, að Ed. hefir sett nefnt ákvæði í lagatextann, og áður nefnd ummæli hv. allsherjarnefndar á þingskj. 372 sýna misskilninginn enn glöggvar.

Nefndin verður því að leggja það til, að 1. gr. frv. verði breytt, og sett í sama far og hún var í, er frv. var samþykkt við 3. umræðu í Nd.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

1. gr. orðist svo:

Nú sækir maður dómþing, stefndur eða óstefndur, til þess að bera vitni, og ber honum þá 50 auro þóknun fyrir hverja klukkustund, er hann tefst frá öðrum störfum vegna þingsóknar, þó eigi meira en 6 krónur um sólarhring.

Alþingi, 14. ágúst 1917.

Einar Arnórsson,
form. og framsm.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.

Einar Árnason.

Einar Jónsson.

Pjetur Ottesen.